

„Það vantar bara byssustingina.” Þingrofið 1974

Snjóförl haldi Álfstanes á nýársdag 1974, og allt var kyrrt þegar forseti fór á fætur. „Skyldi það nú vera spásögn um árið,” skrifaði hann þegar leið að kvöldi, „eða er það kannski lygnan á undan miklum stormi á þessu blessaða ári?”¹ Verri spáin rættist. Stormurinn kom því að sjaldan hafa jafnþung orð fallið á Alþingi og í maíbyrjun 1974 þegar þing var rofið í blóra við meirihluta þingmanna.² Kristján Eldjárn átti þá úr vöndu að ráða og reyndust ákvarðanir hans á örlagastundu umdeildar.

29. apríl til 1. maí. „Ég veit að hæstvirtur forsætisráðherra er drengskaparmaður heill”

Síðustu dagar stjórnarinnar voru sögulegir. Snemmsumars 1974 þótti efnahagsvandinn geigvænlegur sem aldrei fyrr og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar virtist ókleift að takast á við hann. Ólafur vann að frumvarpi til laga um efnahagsaðgerðir en taldi sýnt að ef það fengi ekki nægt fylgi á þingi væru honum aðeins tveir vegir færir: annars vegar að rjúfa þing og boða til kosninga og hins vegar biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt þannig að þingheimi gæfist sá möguleiki að mynda nýja meirihlutastjórn. En hvorn kostinn skyldi velja? Flokkarnir þrír sem að ríkisstjórninni stóðu höfðu samið um það að þótt þingrofsrétturinn væri alltaf í höndum forsætisráðherra gæti ekki komið til þingrofs nema þeir væru allir samþykktir því. Mánudaginn 29. apríl hlýddu útvarpshlustendur á þau stórtíðindi úr munni Magnúsar Kjartanssonar iðnaðarráðherra að sú væri nú raunin; að „allir stjórnarflokkarnir” hefðu samþykkt heimild til forsætisráðherra „um að rjúfa þing og boða til þingkosninga í haust”.³

Sumum þóttu þetta meiri fréttir en öðrum. Hannibal Valdimarsson mun hafa orðið hvumsa og ráðherrarnir Björn Jónsson og Magnús Torfi Ólafsson sömuleiðis (árið áður hafði Björn orðið félagsmála- og samgönguráðherra í stað Hannibals samkvæmt samkomulagi þeirra þar um). Í fréttum næsta dag staðhæfði Hannibal að Samtök frjálslyndra og vinstri manna hefðu aldrei lagt blessun sína yfir þingrof og ráðherrarnir tveir hnykktu á því á frídegi verkamanna, miðvikudeginum 1. maí. Eitthvað var hér málum blandið og átti ágreiningurinn rætur sínar að rekja til þess að á ríkisstjórnarfundi 23. apríl hafði Ólafur Jóhannesson spurt ráðherra sína hvort þeir vildu fallast á þingrof „í sumar” og kosningar að hausti. „Björn Jónsson og Magnús T. Ólafsson töldu sig ekki hafa við það athugasemdir,” var ritað í fundargerð ríkisstjórnarinnar.⁴ Magnús Kjartansson vitnaði óspart í þessi orð en þeir Björn og Magnús Torfi sögðu að þeir hefðu svarað í mun lengra máli, hvað sem liði fundargerðinni:

Svör okkar voru þau að ekki hefði um það mál verið fjallað í þingflokki okkar og gætum við því ekki að svo komnu máli svarað til um afstöðu hans. Hinsvegar væri það okkar persónulega álit að haustkosningar gætu komið til greina, og að við teldum ekki ólíklegt að mál kynnu að standa svo að þingflokkurinn yrði þessari hugmynd hlynntur.⁵

Viðbrögð foringjans Hannibals gáfu ekki til kynna að svo færi þegar á reyndi og í utandagskrárumræðum á Alþingi þriðjudaginn 30. apríl hafði hann biðlað til heiðurs og sæmdar forsætisráðherra:

En það er drengskaparheitum bundið að hér verði ekki rofið þing án samráðs allra stjórnarflokkanna og með samþykki þeirra allra. Ég veit að hæstvirtur forsætisráðherra er drengskaparmaður heill, og ég hef aldrei reynt hann að öðru. Ég veit að hann gengur ekki á orð og eiða. Hann mun ekki rjúfa þing án samþykkis allra stjórnarflokkanna.⁶

2. til 4. maí. Birni bolað burt?

Fimmtudaginn 2. maí lagði Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra fram frumvarp á Alþingi um aðgerðir gegn verðbólgu og aðrar efnahagsráðstafanir. Þótt þetta væri stjórnarfrumvarp hafði verið gerð um það samþykkt á ríkisstjórnarfundum tveimur dögum fyrr að „stjórnarflokkarnir áskilji sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins”.⁷ Björn Jónsson hafði ekki setið þann stjórnarfund, enda lá hann á sjúkrahúsi um þessar mundir, og í eldhúsdagssumræðum á fimmtudagskvöldið upplýsti Hannibal Valdimarsson að þeir Björn gætu ekki stutt frumvarpið.⁸ Þeir töldu það skerða um of þær launahækkanir sem verkalýðshreyfingin hafði náð fram í samningum og orð forseta og fyrrverandi forseta ASÍ hlutu að vega þungt í þeim efnum.⁹ Þetta kvöld frétti Kristján Eldjárn að Ólafi Jóhannessyni gremdist mjög afstaða Björns Jónssonar. Um það var ekki deilt að efnahagsvandinn væri svo alvarlegur að til einhverra ráða þyrfti að taka hið snarasta, og að sögn Ólafs hafði Björn í fyrstu tekið vel í að styðja frumvarpið. Erfitt væri að spá um hvað gerðist næst, hugsaði Kristján með sér: „Sem sagt mjög óstöðugt veðurfar, en það þýðir að erfitt hefur verið að ráða í komandi veður í nánustu framtíð. Það hefur verið það sem stóð á gamla barómeternum heima: *Foranderligt*.”¹⁰

Föstudaginn 3. maí kom fram gremja Ólafs Jóhannessonar í garð Björns Jónssonar. Í framsöguræðu með efnahagsfrumvarpinu sagði Ólafur að þótt þeir flokkar, sem að ríkisstjórninni stæðu, mættu hafa óbundnar hendur um einstök atriði þess þá væri það engu að síður stjórnarfrumvarp; „og sá ráðherra, sem vill firra sig ábyrgð á flutningi þess, hefur þrátt fyrir orðsendingu og bókanir á elleftu stundu aðeins eitt úrræði”.¹¹ Bæði Björn og Hannibal Valdimarsson brugðust ókvæða við þessum frýjuorðum Ólafs. Á sjúkrabeði sagði Björn við Hannibal að hann léti ekki reka sig tvisvar á dyr og myndi því segja af sér. Björn samdi afsagnarbréf en beið ögn með að senda það til forsætisráðherra.¹²

Hér þarf að bæta við að í eldhúsdagsræðu sinni kvöldið áður hafði Hannibal ítrekað að þótt ríkisstjórnin væri að missa þingmeirihluta sinn mætti forsætisráðherra ekki rjúfa þing því þá tapaðist dýrmætur tími í baráttunni við efnahagsvandann. Þess í stað yrði „þegar í stað að sannprófa alla möguleika til stjórnarmyndunar og freista þess að koma fram að minnsta kosti bráðabirgðaaðgerðum í efnahagsmálum fyrir næstu mánaðamót”.¹³ Um hádegisbil laugardaginn 4. maí gekk Hannibal þess vegna að eigin ósk á fund forseta og ræddi þá flóknu stöðu sem upp var komin. Hann minnti á að fyrst Samtökin hygðust ganga úr ríkisstjórnarsamstarfinu myndi Ólafur Jóhannesson telja sig óbundinn af samkomulagi, sem leiðtogar stjórnarflokkanna höfðu gert við myndun stjórnarinnar, um að ekki yrði gripið til þingrofs nema þeir væru því allir samþykkir. Síðan spurði Hannibal, og var það aðalerindi hans að sögn Kristjáns: „Ef [forsætisráðherra] leggur til við forseta að þing verði rofið mun þá gefast kostur, áður en forseti samþykkir slíkt, að sýna fram á að tilbúinn sé þingræðislega starfhæfur meirihluti að mynda nýja stjórn?”¹⁴

Á þessum árum var forsætisráðherra kleift að rjúfa Alþingi þegar í stað þannig að ekkert þing væri í landinu frá þingrofsdegi og fram að kosningum. Þann tíma, sem gat orðið allt að tveimur mánuðum, væri ríkisstjórn við völd sem styddist ekki við þingmeirihluta. Spurning Hannibals Valdimarssonar til forseta var því sérlega veigamikil. Kristján Eldjárn varð að fá frest til að hugsa sitt ráð og sagði Hannibal það. Hann bætti þó við að væntanlega hefði Hannibal ekki borið málið undir hann nema vegna þess að raunhæft mætti telja að unnt væri að mynda nýja meirihlutastjórn á þingi. „Hann játaði þessu,” skráði Kristján hjá sér; „sagðist telja að til mundu vera 32 þingmenn sem saman gætu staðið að stjórn, en fullyrti þetta ekki.”¹⁵ Það væri þá samstjórn Sjálfstæðisflokks með sína 22 þingmenn, Alþýðuflokks með sex þingmenn og fjögurra þingmanna Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Hannibal gerði þá greinilega ráð fyrir að Magnús Torfi Ólafsson, sem hafði lýst yfir tryggð við stjórnina, myndi fylgja honum að málum er á reyndi. „Hannibal ætlaði sér að beygja Magnús Torfa,” sagði Gylfi Þ. Gíslason nokkru síðar við forseta.¹⁶ Bjarni Guðnason, sem orðinn var

svarinn fjandmaður „Hannibalista”, stæði hins vegar utan stjórnar. Yrði af myndun þessarar endurnýjuðu og endurbættu „viðreisnarstjórnar” hefði Hannibal Valdimarssyni tekist að slá tvær flugur í einu höggi: stíga stórt skref í þá átt að jafnaðarmenn sameinuðust í einum stjórnsmálaflokki og jafnframt binda enda á líf vinstri stjórnarinnar.

Margt þyrfti þó að ganga hinni öldnu kempu í hag til þess að svo færi. Og mikill var vandi forseta. Eftir fundinn með Hannibal 4. maí leitaði hann ráða hjá Baldri Möller og spurði hvað bæri að gera ef Ólafur Jóhannesson æskti heimildar til að rjúfa þing. Báðir þóttust þeir sjá að þá gæti komið upp svipuð staða og árið 1931 þegar Tryggvi Þórhallsson, forveri Ólafs á formannsstóli í Framsóknarflokknum, rauf þing í trássi við meirihluta sjálfstæðis- og alþýðuflokksmanna. Þó væri jafnvel enn meira í húfi núna:

Við sáum báðir að staðan gæti orðið svipuð og 1931, nema hvað sá mikli munur er þar á að nú verður að allra dómi að snúast við miklum vanda sem ekki er ljóst hvernig [Ólafur Jóhannesson] ætlaði að bjarga fram yfir kosningar. Baldur taldi að rétt væri, ef þetta kæmi upp, að ég bæði [Ólaf] að skýra mér sem nákvæmlegast frá hvernig hann hugsaði sér gang mála en tæki mér síðan umhugsunarfrest, sem þó má ekki vera langur.¹⁷

Kristján hafði ekki sagt Baldri hreint út eftir hverju Hannibal Valdimarsson hafði verið að leita á fundinum með honum. Þeir ræddu því aðeins þann „fræðilega” möguleika að aðrir stjórnsmálaleiðtogar kæmu á fund forseta eftir þingrofsbeiðni forsætisráðherra, segðust geta myndað starfhæfa stjórn og bæðu hann um að vísa beiðninni á bug. Ekki gat Baldur Möller, þótt vitur væri, sagt afdráttarlaust hvað þá bæri að gera. „Þarna gæti ég komist í mikinn vanda,” var niðurstaða Kristjáns að loknu spjalli þeirra. „En allt er þetta fræðilegt og um er að gera fyrir mig að vera viss um hvað ég má leyfa mér og hvað ekki. Fyrir víst sé ég ekki enn hvað rétt mundi vera. Staðan er óvenjuleg og fordæmislaus, að ég held.”¹⁸

Að kvöldi þessa laugardags tók vandi forseta að færast frá hinu fræðilega sviði yfir á baráttuvöll hins blákalda veruleika. Björn Jónsson tilkynnti afsögn sína og Jóhannes Elíasson tjáði Kristjáni Eldjárn að Ólafur Jóhannesson hefði brugðist þannig við „að þá hefði hann þingrofsréttinn”. – „Svo honum dettur þetta þá að minnsta kosti í hug,” skrifaði Kristján.¹⁹ Ólafur virtist þá ganga að því vísu að Samtakamaðurinn Magnús Torfi Ólafsson myndi fallast á þingrof ef á reyndi. Ólafur Jóhannesson og hans menn héldu þó auðvitað fleiri kostum opnum. Jóhannes sagði forseta að hugsanlega gætu sjálfstæðis- og framsóknarmenn tekið höndum saman um nýja stjórn og Framsókn væri ekki heldur afhuga þjóðstjórn allra flokka.

Afstaða Alþýðubandalagsins í varnarmálum útilokaði að vísu nær örugglega slíkt samstarf en Kristján Eldjárn ályktaði að „sannarlega væri það lokkandi tilhugsun að allir gætu tekið höndum saman til þess að ráða fram úr þessum mikla vanda og halda þjóðhátíð [á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar], en fara svo í kosningaslaginn í haust. Svo vel fer þó líklega ekki.”²⁰

5. maí. Samtökin sundrast enn

Síðan rann upp sunnudagurinn 5. maí, og seint verður sagt að stjórn málaforingjar þjóðarinnar hafi haldið hvíldardaginn heilagan. Klukkan 11 að morgni settust forystumenn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna á fund og sátu enn um fjögurleytið síðdegis. Þá færði Gylfi Þ. Gíslason Kristjáni Eldjárn fréttir af viðræðunum og hafði greinilega fengið ítarleg tíðindi frá Hannibal Valdimarssyni eða einhverjum honum tengdum. Gylfi sagði forseta að meirihluti Samtakamanna vildi slíta stjórnarsamstarfinu en Magnús Torfi Ólafsson sæti við sinn keip og neitaði að stíga úr sínum ráðherrastóli. Þegar Gylfi benti á að þarna hefðu þó þrír þingmenn færst úr stuðningsliði stjórnar yfir í stjórnarandstöðu var Kristján skjótur til svara: „En þó ekki nema þrír, sagði ég, og átti við að það gæti verið örlagaríkt fyrir tiltekið stjórnarsamstarf, og skildi Gylfi það.” Sjálfstæðismenn, Alþýðuflokksmenn og þrír þingmenn Samtakanna væru samtals 31 en Magnús Torfi Ólafsson sat í efri deild svo þar yrðu hinar stríðandi fylkingar jafnstórar, tíu á móti tíu, og mál myndu því falla á jöfnu. Síðar í samtalinu sagðist Gylfi samt vera viss um að fleiri myndu bætast við og „samstarfshæfur þingmeirihluti” yrði fyrir hendi – eða eins og forseti rakti samtal þeirra:

[Kristján]: Þú heldur þá að sá möguleiki sé til?

[Gylfi]: Já.

[Kristján]: Og hver þá?

[Gylfi]: Það segi ég ekki.²¹

Eins og fram hefur komið fékk Kristján Eldjárn síðar staðfest að þeir Gylfi og Hannibal hygðust fá Magnús Torfa Ólafsson til liðs við sig. Þetta kvöld fregnaði forseti hins vegar að Magnús Torfi hefði hringt í Ólaf Jóhannesson að loknum hinum daglanga fundi Samtakamanna, verið reiður og sagst staðráðinn í að styðja stjórnina áfram, hvað sem tautaði og raulaði. Og hvað með sjálfstæðismenn? Voru þeir með í þeim ráðum að knýja fram nýja viðreisn með fulltingi „Hannibalista”? Fyrir hádegi þennan sunnudag ræddi Jóhannes Elíasson við Geir Hallgrímsson. Í október 1973 hafði Geir tekið við formennsku í Sjálfstæðisflokknum

af Jóhanni Hafstein sem hafði veikt alvarlega síðsumars. Geir hafði verið farsæll borgarstjóri en fáum duldust að ekki var einhugur um formennsku hans innan Sjálfstæðisflokksins. Gunnar Thoroddsen, sem settist aftur á þing eftir kosningarnar 1971, hafði orðið þingflokksformaður í stað Jóhanns Hafstein í apríl 1973 – en gegn því að hann sæktist ekki eftir formannsembættinu á landsfundi sjálfstæðismanna síðar á árinu.²² Sú eining í forystuliði sjálfstæðismanna, sem áður hafði ríkt, var að rofna: skipting flokksfélaga í „Gunnarsmenn” og „Geirsmenn” ágerðist stöðugt.²³

Engu að síður var líklegt að í nýrri „viðreisn” með aðild „Hannibalista” yrði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra. Sunnudaginn 5. maí gerði hann hins vegar lítið úr þeim kosti. Jóhannes Elíasson sagði Kristjáni Eldjárn að Geir teldi heppilegast að þjóðstjórn tæki við völdum en ef það gengi ekki eftir þá ættu menn að reyna að mynda stjórn þeirra flokka sem vildu vinna saman, og að síðustu samstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Í öllum tilvikum bæri Ólafi Jóhannessyni að sitja áfram sem forsætisráðherra og ekki ætti að rjúfa þing fyrr en þessir kostir hefðu verið fullreyndir. Jóhannes kvaðst hafa spurt beint um þá stjórn sem Hannibal Valdimarsson hefði í huga og hefði Geir svarað að slíkt samstarf myndi ekki ganga; að Hannibal væri líklega mest „að leika sér að gömlum draumi”.²⁴

Stjórnarandstaðan var því alls ekki einhuga um hvað geri skyldi eftir að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar færi frá völdum. Hitt var þó engu að síður ljóst að allir stjórnarandstaðingar vildu að reynt yrði að mynda nýja stjórn áður en til þingrofs kæmi. Gylfi Þ. Gíslason hafði jafnframt sagt forseta „að það gangi staflaust um bæinn að Ólafur ætli að biðja um þingrof strax á morgun”, og því vildi hann afdráttarlaust mótmæla. Þessi ótti var að vísu ástæðulaus, enn sem komið var. Klukkan tíu um kvöldið hringdi Kristján Eldjárn í Jóhannes Elíasson og heyrði frá honum að forsætisráðherra teldi að fyrst Magnús Torfi sæti sem fastast gildi stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar enn, og hann hefði þess vegna ekki rétt til að rjúfa þing „að svo stöddu”. Það lá þó í loftinu og Jóhannes lét þá skoðun í ljós, væntanlega eftir bollaleggingar Kristjáns, að hann væri „hræddur” við afleiðingar þess að forseti neitaði að verða við beiðni forsætisráðherra um þingrof. Þótt Jóhannes hafi fyrst og fremst viljað ráða vini sínum heilt í hinni vandasömu stöðu, sem upp var komin, var ljóst að hann hafði einnig í huga vilja Ólafs og annarra flokksbræðra sinna í Framsóknarflokki. Að síðustu talaði Kristján því við Baldur Möller, „og það hann enn að hugsa um þann vanda sem ég gæti sett mig í með því að draga hugsanlega beiðni um þingrof”. Baldur taldi enn mjög ólíklegt að „þessi staða skapist”, sagði Kristján, „og það tel ég líka, en ég verð að vera við öllu búinn”.²⁵

6. maí. Rumpulýður á Alþingi?

Skammt gerðist nú stórra högga á milli. Mánudagsmorguninn 6. maí var fundur í þingflokki Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þrír þingmenn, þeir Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason og Benóný Arnórsson, varamaður Björns Jónssonar, gerðu þá formlega samþykkt um það að þingflokkurinn gæti ekki lengur átt aðild að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, afturkallaði tilnefningu ráðherra sinna í hana, og skoraði á forsætisráðherra að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Enn varð Magnúsi Torfa Ólafssyni þó ekki haggað og kvaðst hann mundu „fella niður” störf í þingflokki Samtakanna. „Ég hef ekki geð í mér til að hlaupa fyrir borð í brimróðrinum þótt aðrir þreytist á róðrinum og sleppi árinni,” sagði hann á þingi síðar um daginn.²⁶ Og enn taldi forsætisráðherra því, eins og hann sagði Kristjáni Eldjárn þennan morgun, að stjórnarsáttmálinn væri í gildi og hann gæti ekki rofið þing eins og sakir stæðu.²⁷ Laust fyrir hádegi var svo haldinn ríkisráðsfundur þar sem Ólafur Jóhannesson lagði fram lausnarbeiðni fyrir Björn Jónsson og tók Magnús Torfi Ólafsson við ráðuneytum hans.

Eftir hádegi voru fyrirhugaðar utandagskrárumræður í sameinuðu þingi og skyldi þeim útvarpað. Þingfréttamenn *Ríkisútvarpsins* höfðu fengið þessu framgengt, enda lá ljóst fyrir að fundurinn yrði allsögulegur. Þeim varð því heldur betur hverft við þegar Gils Guðmundsson, forseti neðri deildar, setti fund klukkan tvö og tók á dagskrá sölu kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar og þar næst frumvarp til laga um stofnlánadeild landbúnaðarins! Þetta var ekki spennandi útvarpsefni en ástæða dagskrárbreytingarinnar var sú að Einar Ágústsson utanríkisráðherra og einhverjir fleiri þingmenn höfðu verið í hádegisverðarboði með háttsettum erlendum gesti og varð því að fresta fundi í sameinuðu þingi um tæpan hálf tíma.²⁸ Þung orð féllu síðan þegar utandagskrárumræðurnar hófust. Málshefjandinn, Hannibal Valdimarsson, lýsti aðdraganda þess að Björn Jónsson varð að segja af sér – þeim ummælum Ólafs Jóhannessonar að Björn hefði átt aðeins „eitt úrræði” og hefðu þau verið látin „berast honum á sjúkrasæng í útvarpi án þess að hæstvirtur forsætisráðherra hefði svo mikið við að snerta símatækið eða tala við viðkomandi ráðherra persónulega”. Eftir þessi tíðindi hefði þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hætt stuðningi við ríkisstjórnina og væri grundvöllur hennar þar með brostinn.²⁹

Ólafi mislíkaði stórlega að hann væri sakaður um að hafa níðst á sjúkum manni sem ekki hefði getað borið hönd fyrir höfuð sér – og tók fréttamenn til bæna fyrir að nefna orð hans um aðeins „eitt úrræði” í sömu andrá og spítalavist Björns Jónssonar.³⁰ Ekki verður þó annað sagt en að forsætisráðherra hafi hvatt Björn til að hverfa úr embætti. Og Ólafur Jóhannesson tók undir þá augljósu ályktun Hannibals að stjórnarsamstarfið væri brostið. Í

svarræðu sinni lýsti hann yfir að hann myndi „án ástæðulausra tafa velja á milli þeirra tveggja kosta sem eru fyrir hendi, annaðhvort rjúfa þing og efna til kosninga eða segja af mér”.³¹ Þótt Ólafur teldi sig vita að hann gæti samkvæmt stjórnarskrá rofið þing einn og óstuddur hafði hann sjálfur sagt í *Stjórnskipun Íslands* að ef slíkt væri gert í trássi við vilja annarra ráðherra og ákvæði í stjórnarsáttmála væri forseta „óskylt að verða við tilmælum forsætisráðherra um þingrof”.³² Þess vegna má leiða líkum að því að forsætisráðherra hafi um þessar mundir verið búinn að afla samþykkis Magnúsar Torfa Ólafssonar fyrir þingrofi og væntanlega gegn því að tryggja að lagafrumvarp hans um grunnskóla yrði að lögum áður en þing yrði rofið. Það var Magnúsi Torfa mikið hjartans mál. Auk þess má vera að Ólafur hafi viljað halda mönnum í öðrum flokkum í óvissu um hvað hann tæki sér fyrir hendur svo að hann stæði betur að vígi í viðræðum um næstu ríkisstjórn. Í stjórnmalabaráttunni var Ólafur Jóhannesson ætíð þekktur fyrir að halda spilunum þétt að sér.

Ljóst var að þessi ríkisstjórn var að renna sitt skeið á enda; spurningin væri aðeins hvernig það bæri að. Ólafi þótti einnig augljóst hvers vegna nú væri komið að leiðarlokum:

Raunverulega ástæðan er sameiningardraumurinn mikli, Alþýðuflokksins og þessa brots Samtakanna. Sá draumur hefur lengi staðið. Hann hefur staðið frá því að þetta stjórnarsamstarf hófst. ... En þröskuldur hefur verið í veginum. Annar parturinn hefur verið inni og hinn hefur verið úti. Viðfangsefnið hefur verið nokkuð lengi það að nema í burtu þennan þröskuld...³³

Hér hefur verið greint frá því að tveimur dögum fyrr hafði Hannibal Valdimarsson sagt Kristjáni Eldjárn að hann vildi vinna með Alþýðuflokknum í nýrri stjórn ásamt Sjálfstæðisflokki. Áður var rakið að Hannibal féllst aðeins með herkjum á að mynda stjórn með Framsóknarflokki og Alþýðubandalagið eftir kosningarnar 1971 og reyndi á laun einu og hálfu ári síðar að fella þá stjórn frá völdum. Söguskýring Ólafs Jóhannessonar var því að miklu leyti rétt.

Þótt forsætisráðherra hefði verið frekar þungur á bárunni í uppgjöri sínu við fyrrverandi samstarfsmenn var Bjarna Guðnasyni þó enn meira niðri fyrir. Hann talaði enga tæpitungu:

Þannig hafa þessir tveir menn, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, alla tíð setið á svikráðum við núverandi stjórn vinstri manna. (Gripið fram í: Hver sveik hana fyrst?) Hver sveik hana fyrst? Því skal svarað. Það var sú ákvörðun

verkalýðsforingjanna (!) – og ég set nú upphrópun á eftir því nafni – að krefjast gengisfellingar í desember 1972, þrátt fyrir það að þessir aulabárðar höfðu gagnrýnt viðreisnarstjórnina í tíu ár fyrir gengisfellingarstefnu ... Og niðurstaðan blasir við. Hvað vilja þessir tvíburar? Þeir vilja bara nýja viðreisnarstjórn, ekkert annað. Og það hefur aldrei verið annað vakandi fyrir þeim.

„Klofningsmeistarinn” Hannibal og lagsbróðir hans Björn voru „rumpulýður” bætti Bjarni við nokkrum sinum í ræðunni – þrátt fyrir bjölluslátt Eysteins Jónssonar, forseta sameinaðs þings – og lauk reiðilestrinum með þeim orðum að vonandi gerði Ólafur Jóhannesson þessum mönnum ekki kleift að setjast í nýja stjórn, „heldur rjúfi þing og efni til kosninga, og þá vil ég vænta þess að Íslendingar verði þess umkomnir að losna við þann rumpulýð sem ríður hér húsum”.³⁴

Svo mörg voru þau orð Bjarna Guðnasonar. Ragnar Arnalds tók til máls fyrir hönd Alþýðubandalagsins og hvatti til þess að þing yrði rofið enda bentu fátt til þess að nokkur starfhæfur meirihluti væri fyrir hendi á Alþingi.³⁵ Geir Hallgrímsson sagði á hinn bóginn að ríkisstjórnin ætti að segja af sér, ný stjórn taka við völdum og síðan yrði að ganga til kosninga. Sjálfstæðismenn hygðust af þeim sökum beita sér fyrir því að flutt yrði vantrauststillaga á ríkisstjórnina.³⁶ Að lokum var komið að Hannibal Valdimarssyni að ljúka þessum gustmiklu umræðum. Hann lét að mestu vera að svara Bjarna Guðnasyni. Hitt þótti Hannibal hins vegar varhugaverðara að Ólafur Jóhannesson hefði látið í það skína að hann ryfi kannski þing þannig að landið yrði þingmannslaust fram að kosningum. Slíkt væri fáheyrt þingræðisbrot og „alger fjarstæða að taka það í mál að sá möguleiki sé uppi að minnihluti Alþingis, sem nú blasir við og er skjalfastur, geti skipað meirihluta Alþingis að hypja sig heim og að þing verði rofið”.³⁷

Hörð átök voru augsýnilega í vændum. Að þingfundi loknum réðu menn ráðum sínum. Á þingflokksfundi framsóknarmanna endurtók Ólafur Jóhannesson að hann teldi sig eiga tveggja kosta vö; að rjúfa þing eða biðjast lausnar og freista þess að mynda stjórn allra flokka. Hann kvaðst aðhyllast seinni leiðina „þar sem hann teldi efnahagsvandann svo mikinn að ekki væri verjandi að láta hann eftir óleystan”. Einnig væri nauðsynlegt að sýna samhug á þessu merka afmælisári Íslandsbyggðar. Framsóknarþingmenn féllust á þessi rök. Í lok fundar var samþykkt að Ólafi skyldi falið að reyna að koma saman þjóðstjórn.³⁸

7. maí. Stjórnarmyndunarviðræður og þingrofshótanir

Þreifingar forsætisráðherra urðu frekar endasleppar. Þriðjudaginn 7. maí ræddi hann við foringja annarra stjórnmalaflokka en þóttist fljótt komast að því að enginn grundvöllur væri fyrir myndun þjóðstjórnar eða einhvers annars stjórnarmynsturs, til dæmis samstjórnar allra utan Alþýðubandalags.³⁹ Við aðrar aðstæður hefði Ólafur auðvitað reynt lengur en um þessar mundir taldi hann ekki þörf á því og þjóðin mætti ekki við því að tíma væri eytt í þref og karp. Hann kvað sig hafa þingrofsréttinn og þegar þingið væri horfið heim á leið gæti stjórn hans sett bráðabirgðalög eins og þurfa þætti fram að kosningum að sumri.

Orð forsætisráðherra um að beita þingrofi virðast einmitt hafa gert að engu raunhæfasta möguleikann í stöðunni; tveggja flokka stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Nú hafði Geir Hallgrímsson sagt við Jóhannes Elíasson tveimur dögum fyrr að hann gæti hugsað sér slíka stjórn undir forsæti Ólafs Jóhannessonar. Þær sögur gengu sömuleiðis að umræður hefðu átt sér stað „milli Ólafs og ákveðinna forystumanna í Sjálfstæðisflokknum” og var það síðar staðfest. Gunnar Thoroddsen var í þeim hópi og virtist mun fúsari til að kanna þennan kost heldur en formaðurinn Geir.⁴⁰ En eitt var að ræða stjórnarmyndun á jafnréttisgrundvelli, annað að þurfa að sæta skilyrðum. Geir Hallgrímsson lýsti umleitunum Ólafs þannig að hann hefði sett sjálfstæðismönnum úrslitakosti og alltaf látið skína í þingrofsréttinn í hendi sér. Sjálfstæðisflokkurinn hefði aðeins getað komist að þeirri niðurstöðu „að það væri ekki sæmandi stærsta stjórnmalaflokki þjóðarinnar að láta þvinga sig með þingrofsþótun til þess fyrirfram að tryggja öðrum flokki áfram sæti í ríkisstjórn eða forystu í ríkisstjórn – þ.e. Framsóknarflokknum”.⁴¹

Þessi afstaða sjálfstæðismanna var skiljanleg. Að sama skapi var ekki við öðru að búast en „refurinn” Ólafur Jóhannesson nýtti sér alla þá kosti sem hann taldi sig hafa í stöðunni. Yfir stjórn hans vofði vantraust og sá orðrómur gekk að Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og meirihluti Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hygðust mynda stjórn undir forystu Hannibals Valdimarssonar.⁴² Þær sögur voru á rökum reistar því að um leið og sjálfstæðismenn gáfu samstarf við Framsóknarflokk upp á bátinn tóku þeir að binda vonir við þann kost sem þeir höfðu áður gert lítið úr; endurnýjaða „viðreisn” með stuðningi „Hannibalista”. Þessi stjórn myndi þó aðeins sitja um skamman tíma og einnig var Sjálfstæðisflokkurinn reiðubúinn að setjast í minnihlutastjórn sem aðrir flokkar verðu vantrausti.⁴³ Hannibal, Geir Hallgrímssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni fannst mestu máli skipti að koma ríkisstjórninni frá og að kvöldi kom glöggt í ljós hve samstiga þeir voru orðnir í andstöðu sinni við Ólaf Jóhannesson. Þá voru stjórnmalalumræður í sjónvarpssal og var auðheyrð á Ólafi að hann hallaðist að því að rjúfa þing þótt ekki segði hann það hreint út.

Kristján Eldjárn lýsti sjónarmiðum hinna þannig að „Hannibal mótmælti með mikilli ákefð og Gylfi einnig, en Geir var enn sem fyrr hógværi, þótt hann að sjálfsögðu deildi fast á”.⁴⁴

Þetta kvöld var einnig fundað á Alþingi, og þar syrfi senn til stáls. Geir Hallgrímsson, Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson lögðu fram svohljóðandi þingsályktunartillögu sem taka skyldi fyrir í sameinuðu þingi: „Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn”.⁴⁵

8. til 9. maí. „Þarf að losa mig við þingið...”

Miðvikudaginn 8. maí 1974 rann úrslitastundin upp. Forseti kom á skrifstofu sína í Stjórnarráðshúsinu upp úr klukkan níu og var þá sagt að Ólafur Jóhannesson vildi hitta hann hið fyrsta. Áður en að fundi þeirra kom, eða klukkan hálf tíu, hringdi Gylfi Þ. Gíslason aftur á móti í Kristján. Gylfi sagði að hann sjálfur, Geir Hallgrímsson og Hannibal Valdimarsson vildu endilega ræða við forseta áður en hann samþykkti beiðni um þingrof. Lagði Gylfi á þetta þunga áherslu, en Kristján svaraði að bragði: „Ég mun athuga það.”⁴⁶ Hann punktaði hjá sér að Gylfi hefði auk þess bætt við að Hannibal hefði kosið að þeir þrír færu saman á fund Kristjáns þennan morgun, væntanlega án þess að gera boð á undan sér, „og segðu mér í einu lagi að þeir mótmæltu að þing væri rofið án þess að þeim yrði fyrst gert kleift að kanna hvort þeir gætu myndað stjórn”.⁴⁷ Mestur eldmóður virtist vera í „Vestfjarðagoðanum mikla” eins og sumir kölluðu Hannibal um þessar mundir.

Stefnufestan var þó líka mikil hjá Ólafi Jóhannessyni. Þegar klukkuna vantaði korter í tíu hélt hann til forseta og tilkynnti að hann óskaði eftir umboði til þess að rjúfa Alþingi.⁴⁸ Ugglaut hélt Ólafur fram sömu rökum og hann birti þingheimi síðar þennan dag. Þá sagði hann að brýna nauðsyn bæri til að rjúfa þing

... þar sem einn stuðningsflokkur ríkisstjórnarinnar hafi slitið samstarfi á Alþingi og engar horfur séu á því að unnt sé að mynda meirihluta sem staðið geti að starfhæfri stjórn, málefni í algerri sjálfheldu á Alþingi og stjórnarandstaðan fáist eigi til að afgreiða aðkallandi og mikilvægar efnahagsráðstafanir og stjórnmalaflokkarnir almennt óski auk þess eftir kosningum ...⁴⁹

Nú yrði ekki aftur snúið. Lokaákvörðun um það hvernig endalok þessarar ríkisstjórnar bæri að var í höndum Kristjáns Eldjárns. Þótt mest væri satt og rétt í röksemdum Ólafs Jóhannessonar var ofsagt að „engar horfur” væru á því að nýr stjórnarmeirihluti gæti skapast á þingi. En átti

forseti að deila um það við forsætisráðherra? Kristján svaraði Ólafi að hann hygðist hugsa sinn gang um stund. Hann ræddi svo enn við Jóhannes Elíasson og Baldur Möller. Ekki var við öðru að búast en því að Jóhannes væri sama sinnis og forsætisráðherra en þyngra vó líklega á metum að það gildi einnig um Baldur. Ráð þetta voru skýr og samhljóða, skrifaði forseti: „Eindregin meðmæli með því að leggja ekki út í að fara að ræða við flokkana eins og allt er í pottinn búið og eftir allt sem á undan er gengið.”⁵⁰

Klukkan háfellefu tilkynnti Kristján Eldjárn Ólafi Jóhannessyni að hann hefði fallist á þingrofsbeiðni hans.⁵¹ Ólafur tilkynnti þá ákvörðun nær samstundis á ríkisstjórnarfundum.⁵² Laust fyrir klukkan ellefu hringdi Geir Hallgrímsson svo í Kristján, „mjög hógvær” að vanda, og hafði fengið fréttir um ferðir forsætisráðherra yfir ganginn að skrifstofu forseta í Stjórnarráðshúsinu. Geir kvaðst vita að Ólafur hefði lagt fram beiðni um þingrof og hann vefengdi ekki rétt forsætisráðherrans í þessu efni. En Geir tók einnig fram, að sögn Kristjáns, að hann vildi ekki „láta þennan dag líða án þess að segja mér að hann teldi að hægt mundi vera, ef nokkurra daga frestur gæfist, að mynda meirihl[uta]stjórn”.⁵³ Kristján tók við þeim boðskap, en hann breytti auðvitað engu um það sem þegar var gert.

Miklir atburðir voru í vændum. „Búið er við meiri háttar tíðindum á Alþingi í dag,” sagði í hádegisfréttum *Ríkisútvarpsins*. Að öllu jöfnu hefði umfjöllun um stöðu mála á þingi verið „fyrsta frétt” en rétt fyrir útsendingu barst sú fregn frá varnarliðinu, sem fór fyrst í loftið, „að byrjað sé að gjósa í nánd við Eldeyjarboða”.⁵⁴ Þegar nánar var að gáð reyndist „gosið”, sem bandarískur herflugmaður taldi sig hafa séð, vera áköf brot á boðanum. Á hinn bóginn færðust pólitísku eldsumbrotin í aukana. Á opinberum vettvangi urðu stjórnarandstæðingar fokreiðir þegar hér var komið sögu. Innan skamms yrði Alþingi rofið í andstöðu við meirihluta þingmanna. Fundur var fyrirhugaður í neðri deild klukkan fimm en þegar til kom tafðist hann vegna þess að þingmenn andstöðuflokkanna mættu ekki í þingsal í mótmælaskyni. *Morgunblaðið* sagði svo frá:

Sat forseti neðri deildar, Gils Guðmundsson, dreyrrauður í forsetastóli og hringdi bjöllunni án afláts. Forsætisráðherra gekk til menntamálaráðherra og síðan til forseta sameinaðs þings [Eysteins Jónssonar] til þess að ræða þetta vandamál, en að lokum bjargaði Karvel Pálmason stjórninni með því að koma í fundarsal. Var þá hægt að fá afbrigði.⁵⁵

Þetta reyndist ekki eina mótmælaaðgerð þingmanna stjórnarandstöðunnar þennan dag. Þeir voru í óðaönn að safna undirskriftum undir vantrauststillöguna sem þeir Geir Hallgrímsson,

Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson höfðu lagt fram kvöldið áður. Þegar Karvel Pálmason var kominn á listann var þar 31 nafn og það myndi duga til að fella stjórnina í sameinuðu þingi.⁵⁶ Segja má að Karvel hafi því einnig þarna ráðið miklu um gang mála.

Stjórnarandstæðingar héldu svo áfram árásum á Ólaf í þinginu. Fátt nýtt kom þar fram. Gylfi Þ. Gíslason viðurkenndi að forsætisráðherra mætti rjúfa þing samstundis þannig að landið yrði án þingmanna fram að kosningum en gerði Ólafur sér ekki grein fyrir hve siðlaust, og jafnvel hættulegt, slíkt væri? Hannibal Valdimarsson gekk skrefi lengra og kallaði hið yfirvofandi þingrof lögleysu og brot á þingræðisreglunni sem væri hornsteinn stjórnarskrárinnar.⁵⁷ Ólafur Jóhannesson svaraði því helst að hann hefði rétt til að rjúfa þing og mætti velja aðra hvora leiðina; að þingrofið tæki strax gildi eða á kjördegi: „Báðar eru gildar, og það má velja um hvora fyrir sig. En ef svo stendur á af einhverjum ástæðum að það þarf að losa sig við þingið strax þá er auðvitað ómögulegt annað en að beita þeirri aðferðinni sem lætur þetta taka gildi strax.“⁵⁸ Stjórnlagaprófessorinn Ólafur hafði rétt fyrir sér, en óneitanlega komst hann klaufalega að orði. „Þarf að losa mig við þingið...” hafði *Morgunblaðið* eftir honum í stríðsletri yfir þvera forsiðu sína.⁵⁹

Að þessum orðaskiptum loknum afhentu stjórnarandstæðingar Eysteini Jónssyni skjal undirritað af 31 þingmanni með kröfu um að hann héldi fund í sameinuðu þingi og tæki vantrauststillöguna á dagskrá. Gunnar Thoroddsen, þingflokksformaður sjálfstæðismanna og leiðtogi þeirra í neðri deild, kvaddi sér hljóðs þar og skoraði á Eystein að virða vilja meirihluta Alþingis.⁶⁰ Eysteinn svaraði því ekki og enginn þurfti að fara í grafgötur um hvað myndi gerast næst. Fundur yrði settur í sameinuðu þingi og þar læsi forsætisráðherra þingrofsboðskap.

Aðeins var eftir að ljúka störfum í neðri deild. Fyrst varð frumvarp um sölustofnun lagmetisiðnaðarins að lögum án umræðu og síðan var grunnskólafrumvarp Magnúsar Torfa Ólafssonar tekið á dagskrá, til einnar umræðu eftir breytingar á því í efri deild á kvöld og næturfundum daginn áður. Klukkan mun þá hafa verið tuttugu mínútur gengin í sex en sjálfstæðismenn voru staðráðnir í að láta áfram í ljós andúð sína. Reyndist Sverrir Hermannsson duglegastur í því málþófi sem nú fór í hönd. Hóf hann ræðu sína þegar klukkuna vantaði korter í sex. Hann gerði ráð fyrir að tala í allt að tíu klukkustundir, enda væri nauðsynlegt „þegar á að taka þessa geysilega viðamiklu og mikilvægu löggjöf til lokaafgreiðslu að við rifjum upp ýmsar forsögur málsins...”⁶¹ Og svo byrjaði romsan eins og Sverrir rifjaði síðar upp:

Ég hafði nú með mér svona sitthvað til stuðnings Grunnskólalögin voru til umræðu og ég varð í bland að halda mér við umræðuefnið. En í svona langri ræðu fór ég auðvitað vítt um völl. Þetta var í neðri deild; þar sem Gils Guðmundsson var forseti, og hann áminnti mig nú þegar ég var kominn á fullt að skamma ríkisstjórnina út af sjávarútvegsmálum. Ég neitaði að taka áminninguna til greina af því sjávarútvegurinn væri undirstaða þess að við hefðum skólakerfi. Milli klukkan sjö og átta var enginn í salnum nema Gils, sem sat í sínum forsetastóli fyrir aftan mig, og enginn sást á svölunum. Þá leiddist mér. Svo fór að fjölga um dyrahláð. Ég ætlaði að halda áfram á meðan úthaldið entist. Nú komu þau Ragnhildur Helgadóttir og Matthías Mathiesen og gaukuðu að mér þingtíðindum þegar þau heyrðu hvað ég var að tala um, m.a. umræðunum um barnafræðslulögin frá 1946, svo ég var kominn með dálítið bókasafn. Öðru hverju fór ég yfir í bullandi skammir um ríkisstjórnina á milli þess að ég var að reika fram og aftur um fræðslulögin og íslenska skólakerfið. Ólafur Jóhannesson mun hafa komið inn um tíuleytið og sagt þessi fleygu orð: „Þarf mannhelvítið aldrei að míga?“⁶²

Sverrir Hermannsson lét dæluna ganga í nær fimm og hálf klukkustund.⁶³ Þrír aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir Ellert B. Schram, Eyjólfur Konráð Jónsson og Pálmi Jónsson, tóku þá við og létu ekki staðar numið fyrr en eftir miðnætti. Sagði Eyjólfur Konráð þá ástæðulaust að tefja lengur fyrir þingrofinu; rétt væri að forsætisráðherra ynni myrkraverk sín í skjóli nætur.⁶⁴

Kristján Eldjárn fylgdist með gangi mála fram yfir lágnætti en ákvað að vaka þá ekki lengur yfir þessum maraþonræðuhöldum. Hafi hann ekki verið alveg viss í sinni sök að morgni dags þegar Geir Hallgrímsson, Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson lögðu hart að honum að samþykkja ekki þingrofsbeiðnina þá þegar, var allur efi nú horfinn úr huga hans:

Ég get ekki enn séð hvaða tilgangi það hefði átt að þjóna að láta það eftir að þessir menn færu að reyna stjórnarmyndun, en glöggt sé ég hvaða voðaafleiðingar það hefði fyrir mig og stöðu forseta, ef ég hefði farið að ráðum þeirra. Ég held að blátt áfram sé ekki hægt að blanda forsetaembættinu svona inn í stjórnarmálaátök.⁶⁵

Klukkan fimm mínútur fyrir tvö aðfaranótt 9. maí 1974 var settur fundur í sameinuðu þingi. Eysteinn Jónsson tilkynnti þá að þar eð forseti Íslands hefði gefið út bréf um þingrof væri ekki

unnt að verða við þeirri beiðni sem fyrir lægi um umræður um vantraust á ríkisstjórnina. Fékk svo forsætisráðherra orðið. Ólafur Jóhannesson las fyrst forsetabréf um þingrof þar sem fram komu þær ástæður sem hann hafði rakið fyrir forseta um nauðsyn þess. Því næst las Ólafur forsetabréf um alþingiskosningar 30. júní og loks las hann bréf forseta um umboð til forsætisráðherra til þess að rjúfa þing:

Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég veiti forsætisráðherra umboð til þess að rjúfa Alþingi, 94. löggjafarþing, nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Samkvæmt þessu umboði lýsti Ólafur Jóhannesson yfir því að Alþingi „er frá og með þessari stundu rofið og störfum þess lokið”. „Var síðan af þingi gengið,“ segir í *Alþingistíðindum*.⁶⁶

„*Þeir ætluðu að hrópa þig af*”

Um leið og Ólafur Jóhannesson hafði sleppt orðinu féll niður umboð allra þingmanna á Íslandi. Frá morgni 9. maí til kosninga í júniflok yrði ekkert þing í landinu. Þetta var auðvitað mjög óvenjuleg staða og ekki nema von að sá hópur manna sem taldi sig órétti beittan – meirihluti þingheims rétt fyrir þingrofið – fordæmdi verknaðinn. Gylfi Þ. Gíslason líkti aðgerðinni við stjórnarhætti íhaldsmannsins Estrups í Danmörku á síðari hluta nítjándu aldar en hann hunsaði einatt þingviljann, rauf þing og stjórnaði með bráðabirgðalögum eins og honum hentaði. „Æðsta vald með þjóðinni er nú ekki í höndum þjóðkjörinna fulltrúa”, sagði Gylfi, „heldur þriggja framsóknarmanna, tveggja alþýðubandalagsmanna sem báðir hafa verið kommúnistar frá unglingsárum, og eins flokksmanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna”. Hannibal Valdimarsson kallaði þingrofið „valdarán” og Björn Jónsson bætti við: „það vantar bara byssustingina og barsmíðasveitinar til þess að samlíkingin við aðrar þjóðir sé alveg fullkomin”.⁶⁷

Stjórnarandstæðingar sveigðu sömuleiðis að Kristjáni Eldjárn. „Forseta Íslands bar að veita svigrúm til meirihlutastjórnar,” staðhæfði Hannibal Valdimarsson.⁶⁸ Gylfi Þ. Gíslason kvartaði á sömu lund yfir því að forseti hefði „enga tilraun gert til þess að kanna hvort hægt væri að mynda meirihlutastjórn í landinu”.⁶⁹ Geir Hallgrímsson var sem fyrr öðrum mönnum

orðvarari og kvaðst ekki vilja ræða þátt forseta í þingrofinu, en sagði það þó sína skoðun að það hefði átt að „kanna möguleika nánar út þessa viku og jafnvel lengur”.⁷⁰ Síð á milli fóru ýmsir sjálfstæðismenn mjög hörðum orðum um Kristján Eldjárn. „Já, þeir ætluðu að hrópa þig af,” sagði Ólafur nokkrum árum síðar við hann, og Kristján sjálfur heyrði þá sögu af fundi sjálfstæðismanna að þar hefðu menn skammast svo mikið út í forseta að Gunnar Thoroddsen hefði staðið upp og sagt „að menn skyldu hætta þessu tali, því þetta væri ósæmilegt”.⁷¹ Vera má að einhverjir þeirra, sem eldri voru í flokknum, hafi munað hörð orð Ólafs Thors á lokuðum fundi sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík í mars 1950 þegar tillaga um vantraust á minnihlutastjórn hans hafði komið fram á þingi. Ólafur sagði að margir hefðu spurt hann hvers vegna hann hefði ekki rofið þing þegar málum var svo komið en hann svarað því til að það hefði verið talið gerræði, og orð hefðu fallið eitthvað á þessa leið: „Þeir runnu af hólmi. Þeir vissu að þingið væri á móti þeim. Þeir þorðu ekki að horfast í augu við atkvæðagreiðsluna um vantraustið og þeir svikust aftan að þinginu með þingrofi.”⁷²

Auk þess lét Ólafur Thors að því liggja að til átaka hefði getað komið við Svein Björnsson forseta um þingrofsréttinn. Að sögn Ólafs leit Sveinn svo á að forseti réði því sjálfur hvort hann yrði við ósk um þingrof – „þingrofið vildi hann ekki ganga inn á”, sagði forsætisráðherra um afstöðu hans.⁷³ Þrátt fyrir þetta getur lítill vafi leikið á að Kristján Eldjárn gerði rétt vorið 1974. Þingrofsrétturinn lá óskoraður hjá forsætisráðherra. Mat Sveins Björnssonar, sem hvergi kom fram með skýrum og opinberum hætti, breytti engu um það og fræðimenn eru nær einhuga um það að forseta sé „lögskylt” að framfylgja beiðni um þingrof.⁷⁴ Í þeim hópi var Ólafur Jóhannesson. Í *Stjórnskipun Íslands*, því grundvallarriti, hafði hann reifað að í stjórnarskrá væri heimildin til þingrofs „engum skilyrðum bundin” og þótt það væri forseti lýðveldisins sem ryfi þing, samkvæmt laganna hljóðan, væri það „vitaskuld með atbeina ráðherra, svo sem endranær þegar um stjórnarathafnir forseta er að tefla”.⁷⁵ Ólafur tók vissulega fram að það væri „hæpið” að starfsstjórn (ríkisstjórn sem hefur beðist lausnar en situr uns önnur hefur verið mynduð) mætti gera tillögu um þingrof og það átti við um minnihlutastjórn Ólafs Thors árið 1950. Stjórn Ólafs Jóhannessonar hafði hins vegar ekki beðið um lausn í maí 1974 og auk þess hefur verið dregið í efa að lögfræðileg mörk séu í raun milli umboðs starfsstjórnar og venjulegrar ríkisstjórnar.⁷⁶

Um leið og Ólafur Jóhannesson æskti þingrofs varð Kristján Eldjárn að hlýða þeirri beiðni, nema hann vissi fyrir víst að með því væri gengið gegn stjórnarsáttmála og vilja annarra ráðherra. Svo var ekki þegar hér var komið sögu. Kristján gat ekki leyft sér að efast um rök Ólafs Jóhannessonar eða deila um þau við hann, og því síður að draga sitt samþykki á

langinn. Forseti fór meira að segja út á hálan ís þegar hann ákvað að taka sér rúmlega hálf tíma umhugsunarfrest áður en hann undirritaði þingrofsbréfið.⁷⁷

Auk þess hafði það sitt að segja að þremmingarnir Geir, Gylfi og Hannibal voru aldrei með tilbúna stjórn eða stjórnarsáttmála. Kröfur þeirra voru of veikar; áætlanir of óljósar. Þegar Geir Hallgrímsson hringdi í Kristján að morgni 8. maí og kvaðst geta myndað stjórn, fengi hann til þess nokkurra daga frest, spurði forseti að vonum: „Hverja?” Svör Geirs urðu þá loðin: „Kannski [stjórn] fjögurra flokka” og „kannski” með Sjálfstæðisflokki, Alþýðuflokki og „Hannibalistum”. „Með 31 [atkvæði],” sagði Kristján um slíka stjórn sem hefði ekki heldur meirihluta í báðum deildum.⁷⁸ Forseti vissi einnig að allt tal um að Magnús Torfi Ólafsson myndi skipta um lið var úr lausu lofti gripið. Í vikunni eftir þingrofið ákvað Kristján þó að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll. Hann bað Magnús Torfa um að koma á sinn fund og spurði hvort einhverjar líkur hefðu verið til þess að hann hefði gengið til stjórnarmyndunar með „andstöðuflokkunum”. Svarið var skýrt og skorinort, eins og Kristján skráði hjá sér: „Hann sagði að slíkir draumar væru fullkomin fjarstæða.”⁷⁹

Eftir þingrofið 9. maí ítrekaði Ólafur þau sjónarmið að hann hefði haft óskoraðan þingrofsrétt í hendi sér. Lenti hann þá í snörpum orðaskiptum við Vilmund Gylfason í sjónvarpinu en Vilmundur hafði vakið athygli fyrir djarfa framkomu á þeim vettvangi. Hann sakaði forsætisráðherra nú óhikað um valdniðslu því að hann hefði ekki veitt Geir Hallgrímssyni, formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins, færi á að mynda nýja meirihlutastjórn:

Ólafur Jóhannesson: Það stóð ekki til að hann fengi neitt tækifæri til þess, ég átti tvo kosti, annaðhvort að reyna að koma á starfhæfri meirihlutastjórn...

Vilmundur: En af hverju þú, Ólafur, af hverju ekki...

Ólafur: Af því að ég var forsætisráðherra. Ég átti val og heimtingu á því, ef ég vildi, að rjúfa þingið...

Vilmundur: Þrátt fyrir það að Geir Hallgrímsson hefði getað...

Ólafur: Alveg sama, alveg sama ... Forsætisráðherra hefur rétt til þess að fara til forseta og segja: Ég óska eftir því að þing sé rofið, þá er forseti skyldugur að verða við þeim tilmælum starfandi forsætisráðherra.

Vilmundur: Þrátt fyrir vilja meirihluta Alþingis?

Ólafur: Já, annars fer forseti að blanda sér í pólitík.⁸⁰

Forsætisráðherra var einnig spurður um þá úrslitakosti sem hann átti að hafa boðið sjálfstæðismönnum rétt fyrir þingrofið, en svo kom aftur að því að Vilmundur Gylfason saumaði að honum með það að Geir Hallgrímsson kvaðst hafa getað myndað stjórn:

Ólafur: Já, já, ég var ekkert að...

Vilmundur: ...með meirihlutann bak við sig...

Ólafur: Ég var bara ekkert á því að gefa honum tækifæri til þess.⁸¹

Í stuttu máli má segja að sá réttur forsætisráðherra að geta sent Alþingi heim í trássi við meirihluta þess hafi verið umdeilanlegur, byggður á gömlu ákvæði stjórnarskrárinnar og að ýmsu leyti á skjön við þá meginreglu að framkvæmdarvaldið lúti vilja þingsins.⁸² Tveimur dögum eftir þingrofið tjáði Gylfi Þ. Gíslason Kristján Eldjárn að þeir Geir Hallgrímsson hygðust nú beita sér fyrir því að stjórnarskránni yrði breytt svo „slík ósvinna” kæmi ekki fyrir aftur.⁸³ Sú varð og raunin, þótt bið yrði á. Í tillögum stjórnarskrárnefndar um breytingar á stjórnarskránni árið 1983 var gert ráð fyrir að einungis væri unnt að rjúfa Alþingi með meirihlutavilja þess sjálfs. Ekki var gengið svo langt með stjórnarskrárbreytingunni 1991 en þess í stað var því ákvæði bætt við 24. grein – þingrofsgreinina – að þingmenn skyldu ætíð halda umboði sínu til kjördags. Eftir þingrof gæti meirihluti þingmanna því haldið þingstörfum áfram og þótt þeir gætu tæpast afturkallað þingrofið gætu þeir samþykkt vantraust á ríkisstjórn, myndað nýja og gert aðrar samþykktir.⁸⁴

Þótt mikið hefði gengið á og Kristján Eldjárn sætt talsverðri gagnrýni, meiri en hann hafði áður fengið að reyna á forsetastóli, fannst honum að hann kæmi frá hildarleiknum með hreinan skjöld. Þess voru jafnframt merki að sumir, sem höfðu ásakað Kristján um rangindi, sæju eftir því. Að minnsta kosti skrifaði forseti nokkru eftir að hasarinn var yfirstaðinn:

kannski er ekki mikið í frásögur færandi annað en það að bæði Gylfi og Geir komu til mín nokkru síðar og töluðum við lengi um þessi mál. Allt var það í bróðerni og sátt og samlyndi. Ég held kannski að þeir hafi að betur athuguðu máli áttað sig á að þeir höfðu færst of mikið í fang, og á þetta reyndar einkum við um Gylfa. Geir var aldrei með neinn gauragang, enda voru það aðallega Gylfi og Hannibal sem líklega hafa spilað af sér, eins og gengur. Nenni ekki að skrifa meira um þetta.⁸⁵

„Það vantar bara byssustingina.” Þingrofið 1974

- ¹ GKE: dagbók 1. janúar 1974.
- ² Um þingrofið sjá: Haraldur Matthíasson, *Þingrofið*, og ÓR: Benedikt Karl Valdimarsson, „Þingrofin 1931 og 1974”, bls. 47-55.
- ³ ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/500, kvöldfréttir, 29. apríl 1974.
- ⁴ ÞÍ: Skjalasafn forsætisráðuneytis, 1989-HA/10, fundargerð ríkisstjórnarinnar, 23. apríl 1974.
- ⁵ ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/500, kvöldfréttir, 1. maí 1974.
- ⁶ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4009.
- ⁷ ÞÍ: Skjalasafn forsætisráðuneytis, 1989-HA/10, fundargerð ríkisstjórnarinnar, 30. apríl 1974.
- ⁸ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4112-4113.
- ⁹ Sumarliði R. Ísleifsson, „Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir til 1983. Seinni hluti”, bls. 258-259.
- ¹⁰ GKE: dagbók 2. maí 1974.
- ¹¹ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4152-4153.
- ¹² GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ¹³ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4113.
- ¹⁴ GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ¹⁵ GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ¹⁶ GKE: dagbók 11. maí 1974.
- ¹⁷ GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ¹⁸ GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ¹⁹ GKE: dagbók 4. maí 1974, og ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/500, kvöldfréttir, 4. maí 1974.
- ²⁰ GKE: dagbók 4. maí 1974.
- ²¹ GKE: dagbók 5. maí 1974.
- ²² „Frelsi með skipulagi”, bls. 5.
- ²³ Sjá t.d.: Anders Hansens og Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 95-167, og Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 151-167.
- ²⁴ GKE: dagbók 5. maí 1974.
- ²⁵ GKE: dagbók 5. maí 1974.
- ²⁶ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4218-19. Sjá einnig: ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/500, hádegisfréttir, 6. maí 1974, og Benóný Arnórsson, símaviðtal 15. mars 2004.
- ²⁷ GKE: dagbók 6. maí 1974.
- ²⁸ Kári Jónasson, viðtal 12. mars 2004. Sjá einnig *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4215-17.
- ²⁹ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4217-18.
- ³⁰ Kári Jónasson, viðtal 12. mars 2004.
- ³¹ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4219.
- ³² Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands*, bls. 253.
- ³³ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4220.
- ³⁴ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4223-25. Sjá einnig RÚV: „Maður er nefndur Bjarni Guðnason.” Sjonvarpsbáttur í *Ríkissjónvarpinu* (M-17634).
- ³⁵ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4227-28.
- ³⁶ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4221-22.
- ³⁷ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4229-30.
- ³⁸ ÞFRS: þingflokksfundur, 6. maí 1974.
- ³⁹ GKE: dagbók 7. maí 1974. Sjá einnig: *Morgunblaðið*, 10. maí 1974.
- ⁴⁰ *Alþýðublaðið*, 19. maí 1974, Anders Hansen og Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 145, og Indriði G. Þorsteinsson, *Skýrt og skorinort*, bls. 198.
- ⁴¹ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974. Sjá einnig: *Alþýðublaðið*, 10. maí 1974.
- ⁴² Þórarinn Þórarinsson, *Sókn og sigrar III*, bls. 247.
- ⁴³ *Alþýðublaðið*, 10. maí 1974, Jón Ormur Halldórsson, *Löglegt en siðlaust*, bls. 34-36, og Ólafur G. Einarssonar, viðtal 10. febrúar 2004.
- ⁴⁴ GKE: dagbók 7. maí 1974.
- ⁴⁵ *Alþingistíðindi* 1973-74 A, bls. 2304.
- ⁴⁶ GKE: minnisblað um samtal við Gylfa Þ. Gíslason 8. maí 1974. Áhersla í heimild.
- ⁴⁷ GKE: minnisblað um samtal við Gylfa Þ. Gíslason 8. maí 1974.
- ⁴⁸ GKE: minnisblað um samtal við Ólaf Jóhannesson 8. maí 1974.
- ⁴⁹ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4444.
- ⁵⁰ GKE: minnisblað um samtal við Ólaf Jóhannesson 8. maí 1974.

-
- ⁵¹ GKE: minnisblað um samtal við Ólaf Jóhannesson 8. maí 1974.
- ⁵² ÞÍ: Skjalasafn forsætisráðuneytis, 1989-HA/10, fundargerð ríkisstjórnarinnar, 8. maí 1974.
- ⁵³ GKE: minnisblað um samtal við Geir Hallgrímsson 8. maí 1974.
- ⁵⁴ ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/500, hádegisfréttir, 8. maí 1974.
- ⁵⁵ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974. Vandi stjórnarsinna var sá að til þess að atkvæðagreiðsla væri lögmæt þurfti meira en helmingur þingmanna að sitja fund og taka þátt í henni. Í neðri deild höfðu Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag samtals 18 þingmenn af 40 og því þurftu að minnsta kosti þrír aðrir að mæta til atkvæðagreiðslu svo að hún yrði lögmæt. Magnús Torfi Ólafsson, eini þingmaður Samtaka frjálslyndra og vinstri manna sem enn studdi stjórnina, var í efri deild auk Björns Jónssonar en í neðri deild sátu Bjarni Guðnason, Hannibal Valdimarsson og Karvel Pálmason. Þegar Karvel Pálmason kom inn í þingsal neðri deildar er því ljóst að einhverjir tveir aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar voru þar fyrir. Það mun vera gamalt bragð stjórnarandstæðinga í þingsölum þegar meirihluti stjórnarsinna er þetta naumur „að ganga í bandalag við fjarstadda“, einn eða fleiri úr liði stjórnarandstæðinga ganga þá af fundi og þótt umræður haldi áfram verður fundurinn ekki ályktunarhæfur. Strangt tiltekið er þetta þó ólöglegt því þingskapalög segja að þingmönnum sé skylt að vera við atkvæðagreiðslur og greiða atkvæði. Þau afbrigði, sem stjórnarliðar þurftu að fá í þessu tilfelli, voru þau að stytta tímafrest milli umræðna.
- ⁵⁶ Ólafur G. Einarsson, viðtal 10. febrúar 2004, og Karvel Pálmason, símaviðtal 10. febrúar 2004.
- ⁵⁷ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4341-45.
- ⁵⁸ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4342.
- ⁵⁹ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974.
- ⁶⁰ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4351-52.
- ⁶¹ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4354.
- ⁶² Indriði G. Þorsteinsson, *Skýrt og skorinort*, bls. 170-171. Sjá einnig: *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. [??]
- ⁶³ ÞÍ: Skjalasafn *Ríkisútvarpsins*, FA/501, fréttir kl. 08:00, 9. maí 1974.
- ⁶⁴ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974.
- ⁶⁵ GKE: dagbók 8.-9. maí 1974.
- ⁶⁶ *Alþingistíðindi* 1973-74 B, d. 4444. Sjá einnig: Vilhjálmur Hjálmarsson: *Eysteinn í stormi og stillu*, bls. 320-325.
- ⁶⁷ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974.
- ⁶⁸ *Alþýðublaðið*, 10. maí 1974.
- ⁶⁹ *Morgunblaðið*, 10. maí 1974.
- ⁷⁰ *Alþýðublaðið*, 10. maí 1974.
- ⁷¹ GKE: ónúmeruð spóla, 15. október 1979.
- ⁷² Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 141.
- ⁷³ Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 141.
- ⁷⁴ Sigurður Línal, „Stjórnskipuleg staða forseta Íslands“, bls. 433, Bjarni Benediktsson: „Um löggjör forseta Íslands“, bls. 231, Gunnar Helgi Kristinsson, *Þróun íslensku stjórnskrárinnar*, bls. 81, ÓR: Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Forsetaembættið og þingræðisreglan“, og Þór Vilhjálmsson, „Synjunarvald forsetans“, bls. 623-624. Svanur Kristjánsson er á gagnstæðri skoðun og heldur því fram að forseti hafi „ótvírætt stjórnskrárþingbundna skyldu og rétt til að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi tillögu forsætisráðherra um þingrof“. Sjá: Svanur Kristjánsson, „Íslenska valdakerfið“, bls. 586.
- ⁷⁵ Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands*, bls. 249 og 253.
- ⁷⁶ Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands*, bls. 143-144. Um þann efa að starfsstjórn sé í stjórnskipulegu tilliti ólík skipaðri ríkisstjórn, sjá: Björn Bjarnason, „Um starfsstjórnir“, bls. 33-34.
- ⁷⁷ Hér má nefna að þegar Vigdís Finnbogadóttir, sem tók við embætti forseta Íslands af Kristjáni Eldjárn, dró í innan við þrjár klukkustundir árið 1985 að undirrita lög um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélagsins og Flugleiða hótaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra að segja af sér, hefði undirskriftin dregist mikið frekar. Sjá bls. [??]
- ⁷⁸ GKE: minnisblað um samtal við Geir Hallgrímsson 8. maí 1974.
- ⁷⁹ GKE: dagbók 13. maí 1974. Sjá einnig: Bjarni Guðnason, viðtal 18. júlí 2005. Bjarni sagði það sína eindregnu skoðun að Magnús Torfi hefði aldrei gengið til liðs við Hannibal Valdimarsson undir þessum kringumstæðum.
- ⁸⁰ *Morgunblaðið*, 12. maí 1974.
- ⁸¹ *Morgunblaðið*, 12. maí 1974.
- ⁸² Um svipaða gagnrýni, sjá m.a.: ÓR: Ingimundur Einarsson, „Þingrof“, bls. 103.
- ⁸³ GKE: dagbók 11. maí 1974.
- ⁸⁴ Gunnar Helgi Kristinsson, *Þróun íslensku stjórnskrárinnar*, bls. 82, og Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 261-263.
- ⁸⁵ GKE: dagbók, ódagsett færsla frá maí eða júní 1974.